

Haldið á Ísafirði 6. apríl 2022

---

**Endurskoðuð fjárhagsáætlun og starfsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2022.****Rekstartekjur.**

Rekstrartekjur er alls áætlaðar 268,1 mkr og hækka um 29,4 mkr frá samþykkttri fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, að meginhluta vegna aukins fjármagns til Sóknaráætlunar og framlaga Jöfnunarsjóðs. Einnig er breyting frá fjárhagsáætlun vegna ráðstöfunar endurgreiddra styrkja Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða

- **Framlög Ríkissjóðs**

Framlög ríkissjóðs hækka frá fjárhagsáætlun 2022 um tæpar 15 mkr, sem skýrist af einskiptis hækkunar á fjármagni til sóknaráætlunar um 11,2 mkr og framlags 3,5 mkr til C9 verkefni Byggðaáætlunar *Náttúruvernd og efling ferðabjónustu* (samstarfsverkefni með SSV um Nýtingu og vernd Breiðafjarðar). Beðið er síðan afgreiðslu á umsóknnum Fjórðungssambandsins um verkefnaframlag úr C1 verkefni Byggðaáætlunar *Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða*. Verði umsóknir samþykktar þá er áætlað að fjármagn renni óskert til verkefna utan starfsemi FV.

- **Framlög Jöfnunarsjóðs.**

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á heildarframlagi Jöfnunarsjóðs miðað við fjárhagsáætlun 2022.

Framlagið skiptist upp í tvo hluta. Annars vegar fá landshlutasamtök sveitarfélaga samkvæmt reglugerð um Jöfnunarsjóð, hlutdeild af almennum tekjum sjóðsins. Áætlað hefur verið að hálfu sjóðsins að framlagið muni nema 37,6 mkr á árinu 2022, framlagið rennur til reksturs skrifstofu FV. Hinsvegar hefur Jöfnunarsjóður á undanförunum árum veitt framlagi til FV vegna reksturs áætlana í umsjón FV s.s. sóknaráætlunar. Ákvörðun um framlag ársins 2022 verður tekin síðar á þessu ári en gert er ráð fyrir sömu fjárhæð 5,6 mkr og í fjárhagsáætlun 2022.

- **Framlag Byggðastofnunar.**

Framlag Byggðastofnunar byggir á samningi FV og Byggðastofnunar um atvinnu og byggðaðróun á starfsvæði FV. Samningurinn gildir út árið 2022. Lækkun er á framlagi um 0,6 mkr frá fjárhagsáætlun 2022 vegna lægra framlags á fjárlögum 2022.

- **Framlög sveitarfélaga**

Samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands þá er árstíllag sveitarfélaga ákveðið á Fjórðungsþingi að hausti. Samþykkt var á 66. Fjórðungsþingi að hausti á árstíllag fyrir árið 2022, nema alls 39,5 mkr.

Árstíllag á íbúa var við samþykktina miðað við íbúafjölda 1. ágúst 2021, en samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands á að miða það við 1. janúar ár hvert. Árstíllagið hefur verið endurreiknað samkvæmt þessu og hefur það lækkað um 20 kr vegna fjölgunar íbúa og er síðan endurreiknað á hvert sveitarfélag miðað við íbúafjölda.

Haldið á Ísafirði 6. apríl 2022

---

Framlagið skiptist á rekstrardeildir;

- Byggðaðpróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals **11,8 mkr.** Framlagið er tvískipt, **6,8 mkr** sem er mótframlag sveitarfélaga á móti samningi við Byggðastofnun um atvinnu og byggðþróun. Síðan **5 mkr**, framlag til reksturs Umhverfissvottunar sveitarfélaga Earth Check
- Rekstur skrifstofu, samtals **27,7 mkr.** Hér er árstíllag sveitarfélaga til markaðaðsmála, **7,1 mkr**, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi Vestfjarðastofu við mótframlag á móti framlögum Ferðamálastofu vegna Áfangastofu. Árstíllag **9,9 mkr** hér er um að ræða framlag til starfsemi á sviði menningarmála, sú starfsemi er skilgreind sem áhersluverkefni í samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 og að lokum árstíllag til rekstur skrifstofu, **10,7 mkr**, hér er um að ræða framlag til reksturs skrifstofu FV.

### Aðrar tekjur.

Aðrar tekjur 10 mkr eru framlög vegna verkefnatengdra verkefna í samstarfi við Vestfjarðastofu.

### Umframgreiðsla styrkja Uppbyggingarsjóðs inna ársins.

Á árinu 2021 var gengið eftir við styrkþega sem höfðu ekki lokið verkefnum frá síðustu árum að ljúka þeim verkefnum eða falla frá þeim og endurgreiða verkefnastyrk að hluta eða öllu leyti. Fyrir mistök var tvítalinn hluti þeirra styrkja sem voru endurgreiddir. Samþykkt var að endurúthluta 14,1 mkr við úthlutun Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2022 sú fjárhæð átti að vera 9,6 mkr, umframúthlutun nam því tæpum 4,5 mkr.

Hér er gerð tillaga um að við úthlutun Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2023 verði úthlutað fjármagn lækkað sem nemur tæpum 4,5 mkr og sú fjárhæð kemur því til tekna á árinu 2022. Með þessum hætti verði framangreind mistök leiðrétt.

### Ónotaðir styrkir.

Ónotaðir styrkir sem færast frá árinu 2020 nema samtals **20,7 mkr.** Þar af nema ónýtt framlög frá síðasta ári 11,1 mkr; skiptast á 1,7 mkr vegna verkefna í samgöngumálum, 1,5 mkr vegna verkefna í menningarmála og 3,3 mkr vegna verkefna tengdum samstarfi landshlutasamtaka í Norðvestur kjördæmi um almenningssamgöngur.

Tillaga er gerð hér um að 1,7 mkr verði ráðstafað til að fylgja eftir innviðaaætlun á árinu 2022, 1,5 mkr verði nýtt til stefnumörkunar í menningarmálum og 3,3 mkr verði veitt til rekstur skrifstofu til móts við halla á rekstri. Síðan eru 9,6 mkr fjárhæð er nemur endurgreiddum styrkjum Uppbyggingarsjóðs í deild Sóknaráætlunar og var endurráðstafað við úthlutun Uppbyggingarsjóðs fyrir árið 2022.

### Ónotaðir styrkir til næsta árs.

Reiknað er með að allt verkefnafjármagn sem hafði safnast upp fram til ársins 2019 verði gert upp á árinu 2022 og því flytjist ekkert verkefnafjármagn til ársins 2023.

Haldið á Ísafirði 6. apríl 2022

---

### Niðurfelling styrks.

Um er að ræða styrk að fjárhæð 4,3 mkr af C1 verkefni Byggðáætlunar. Styrkurinn fellur niður þar sem forsendur verkefnisins brugðust alfarið. Verkefnið nefndist Strandakjarni en það kom til úthlutunar á árinu 2019. Krafa FV á Byggðastofnun, sem sér um greiðslur verkefnafjármagns, um greiðslu framlagsins verður felld niður að hálfu FV.

### Rekstargjöld

Rekstrargjöld eru alls áætluð um 280,6 mkr og hækka um tæpar 35 mkr frá fjárhagsáætlun 2022 mestmegnis vegna aukins verkefnafjármagns sem greitt er óskert til verkefna Vestfjarðastofu og annarra aðila sem sjá um framkvæmd þeirra. Áætlað er að rekstrargjöld verði 12,5 mkr hærri en rekstrarframlög, verði þessum halla mætt með framlagi af eigin fé Fjórðungssambandsins, en það nam í árslok 2021 um 38,1 mkr og í árslok 2020 um 47,4 mkr.

**Lífeyrisskuldbinding.** Alls 9,7 mkr sem er áætlaðar greiðslur til LSR vegna lífeyrisskuldbindingar FV og hækkar um 0,4 mkr frá fjárhagsáætlun 2022 vegna áætlaðar launaþróunar og breytinga á grunni útreiknings. Hér er óbreytt tillaga frá fjárhagsáætlun um að leggja til framlag af eigin fé Fjórðungssambandsins sem nemur halla á rekstri deildarinnar.

**Framlag til Vestfjarðastofu.** Alls áætlað 135,7 mkr og er ráðstafað samkvæmt rekstrarsamningi FV og Vestfjarðastofu skiptist á eftirfarandi deildir,

- Byggðaðróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals 58,4 mkr.  
Tillaga um að nýta 48,7 mkr til að vinna að verkefnum samkvæmt samningi FV við Byggðastofnun um atvinnu og byggðaðróun, lækkar það framlag um 0,6 mkr vegna lækkunar framlags frá Byggðstofnun.  
Tillaga um hækkun á framlagi alls um 3,6 mkr, vegna ónotaðs styrks frá fyrra ári.  
Tillaga um hækkun um 1,1 mkr vegna ónotaðs styrks frá fyrra ári  
Óbreytt tillaga um 5 mkr framlag vegna umsjónar með umhverfissvottun sveitarfélaga.
- Sóknaráætlun. Framlag til reksturs Sóknaráætlunar Vestfjarða (11 mkr) og sértæk verkefni Byggðáætlunar (5,6 mkr) alls 16,6 mkr.
- Rekstur skrifstofu FV. Alls 43,7 mkr hér er tillaga um hækkun um 0,7 mkr. Framlag nýtt til reksturs skrifstofu FV, framkvæmdastjórn, stjórn FV, nefndir FV, sérfræðivinna, húsnæði og tæki. (fjármögnun kemur af framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélagi 33 mkr og 10,7 mkr af framlagi sveitarfélaga).  
Til markaðsmála 7,1 mkr að vinna að verkefnum á sviði markaðsmála ferðapjónustu / Áfangastofu Vestfjarða.  
Til menningarmála. Tillaga um hækkun um 1,5 mkr vegna ónotað styrks frá fyrr ári, en óbreytt tillaga um 9,9 mkr til að vinna að menningarstarfi sem áhersluverkefni samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Vestfjarðar 2020-2024.

Haldið á Ísafirði 6. apríl 2022

**Áhersluverkefni.** Alls 45,2 mkr, hér er hækkun framlaga til áhersluverkefna um 18,7 mkr frá fjárhagsáætlun 2022, samkvæmt samþykkt stjórnar FV á 40. stjórnarfundi Vestfjarðastofu 17. nóvember 2021 og 44. stjórnarfundi Vestfjarðastofu 23. febrúar 2022. Verkefni ársins eru sem hér segir;

Númer	Heiti	Málaflokkur /ráðuneyti	Framkvæmd	Verkefni hófst	Verkefni lýkur	Framl. Sóknaráætl	Mótframlag VFS
ÁH21-01	Sýnilegri Vestfirðir	IRN	VFS	2020	2022	7.200.000	5.000.000
ÁH21-02	Nýsköpunar og samfélagsmiðstöðvar	HVIN	VFS	2020	2022	7.000.000	Vinnuframl VFS
ÁH21-03	Visit Westfjords	MVF	VFS	2020	2022	5.500.000	Vinnuframl VFS
ÁH21-04	Hringvegur 2	MVF	VFS	2020	2022	6.000.000	Vinnuframl VFS
ÁH21-05	Blámi, verkefnaframlag	URN	Blámi	2021	2023	7.500.000	Vinnuframl VFS
ÁH22 - 01	Orkuskipti í höfnum	URN	Blámi	2022	2023	6.000.000	4.000.000
ÁH22 - 02	Ungmennir fyrir Vestfirði framtíðar	IRN / MRN	Verktaki	2022	2022	1.500.000	Vinnuframl VFS
ÁH22 - 03	Menntastefna fyrir Vestfirði	MRN	Verktaki	2022	2022	4.500.000	2.500.000
						45.200.000	

Fjallað er um áhersluverkefni í skýrslu til Fjórðungsþings um starfsemi Sóknaráætlunar Vestfjarða.

**Greiddir styrkir.** Alls 68,6 mkr. 67,1 mkr úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2022, og 1,5 mkr vegna endurúthlutunar styrkja fyrri ára til menningarmála.

**Aðkeyptir verktakar/þjónusta.** 6,6 mkr. 3,5 mkr er helmingur af fjármagni samkvæmt samnings við Umhverfis og auðlindaráðuneyti um C9 verkefni Byggðaáætlunar, *Náttúruvernd og efling ferðaþjónustu - Breiðafjarðarverkefni*. 1,7 mkr eru til greiðslu aðkeyptra verktaka við gerð innviðaáætlunar (eftirstöðvar áhersluverkefnis í samgöngumálum). 1,5 mkr til kaupa á þjónustu vegna stefnumörkunar í menningarmálum (ráðstöfun eldri styrkveitinga).

**Annar skrifstofukostnaður.** 3 mkr, endurskoðun og aðkeypt ráðgjöf.

**Önnur gjöld.** 10 mkr, Önnur gjöld 10 mkr, eru útgjöld vegna verkefnatengdra verkefna í samstarfi við Vestfjarðastofu.

### Rekstarniðurstaða.

Rekstarniðurstaða er neikvæð um 4,8 mkr sem er um 2,1 mkr betri afkoma en áætlað var í fjárhagsáætlun. Skýrist það að framlag verkefnis landshlutasamtaka í Norðvestur kjördæmi um almenningssamgöngur 3,3 mkr sem kemur til hækkunar tekna. Á móti er samtals til lækkunar 1,2 mkr, sem skýrist af tvennu. Lækkun tekna er nemur lækkun á framlagi samnings við Byggðastofnun um atvinnu og byggðapróun um 0,6 mkr, hækkun gjalda með hækkun lífeyrisskuldbindingar um 0,4 mkr.

Haldið á Ísafirði 6. apríl 2022

---

**Annað.**

Í tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun er framsetningu breytt með sameiningu deilda enda hefur fækkað tekju og gjaldaliðum innan einstakra deilda. Lagt til við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 að skoðuð verði breytt framsetning fjárhagsáætlunar. Árstíllag sveitafélag verði skoðað sem ein heild en ekki brotið upp á einstaka verkefnaþætti og þannig gefið aukið færi að ræða áherslur sveitarstjórna um ráðstöfun árstíllags.

Þær breytingar sem nú eru gerðar eru sem hér segir;

Deild Byggðaðpróun og Atvinnuþróun og nýsköpun. Framlag sveitarfélaga til umhverfisvottunar og framlag til atvinnu og byggðþróun. Framlag úr samningi við Byggðastofnun um atvinnu og byggðaðpróun. Gjöld eru framlög til Vestfjarðastofu og aðkeypt verktaka/þjónustu.

Deild Rekstur skrifstofu, Menningarmál og Markaðsstofa. Framlag sveitarfélaga til reksturs skrifstofu, framlag til markaðsmála ferðþjónustu og framlag til menningarmála. Framlög Jöfnunarsjóðs samkvæmt reglugerð um Jöfnunarsjóð um framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Deild Sóknaráætlun, er óbreytt.